

Viðræðunefnd um sameiningu sveitarfélaga Opinn fundur með íbúum

4. fundur í viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2 þriðjudaginn 11. janúar 2022, kl. 17:00.

Mætt voru: Frá Langanesbyggð Þorsteinn Ægir Egilsson formaður, Siggeir Stefánsson og Miriam Blekkenhorst (í fjarfundarsambandi).

Frá Svalbarðshreppi: Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Sigríður Jóhannesdóttir og Ragnar Skúlason (Í Svalbarðsskóla).

Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar (í fjarfundarsambandi) og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Róbert Ragnarsson (í fjarfundarsambandi). Fundurinn sendur út og tekinn upp.

Fundargerð

1. Ferlið framundan. Atvinnumál, nýsköpun og stofnun sjóðs um jarðir sveitarfélaganna.

- Róbert Ragnarsson fór yfir fyrirkomulag funda, framhald þeirra og ferli framundan. Tilgangur, markmið og samþykktir sjóðs sem stofnaður verður um jarðir sveitarfélaganna.
- Jónas Egilsson sveitarstjóri fjallaði um atvinnumál, Betri Bakkafjörð, atvinnustefnu, Finnafjarðarverkefnið og fleiri smærri verkefni í vinnslu.
- Umræður og spurningar.

Spurningar og athugasemdir sem komu fram á menti.is:

- Varðandi sjóðinn, hverjar eru upphæðirnar í dag, þ.e. hagnaður, og í hvað fer það í dag?
- Með fjallskilagjalds spurningunni er ég að velta fyrir mér hvort sameinuðu sveitarfélagi sé stætt á öðru en að hafa sama gjald á kind, út frá jafnræðisreglu.
- Hver er meðal útsvarsupphæð per haus í Langanesbyggð annars vegar og Svalbarðshrepp hins vegar?
- Verður hægt að leigja aðstöðu í Landsbankahúsinu fyrir lítil fyrirtæki eða rekstur?
- Það væri gott að skapa tækifæri til fjarnáms á háskólastigi
- Úthlutun úr jarðasjóði verði að undangenginni umsókn. Annars alltaf hætta á "pólítískri" úthlutun.
- Hver er meðal útsvarsupphæð per haus í Langanesbyggð annars vegar og Svalbarðshrepp hins vegar?
- Hver er áætlaður kostnaður við sameiningarviðræður og hvernig mun kostnaðurinn skiptast á milli sveitarfélaganna?
- Heyrist að hugmyndir um jarðatekjurnar séu það opnar að þær nýtist hugsanlega ekki dreifbýlinu sem skildi nema að stóri bróðir (þéttbýlið) fái sinn skerf líka. Væri ekki eðlilegast að þær nýttust allar í dreifbýlinu sem stendur höllum fæti .

10. Er sameiningarnefndin búin að reikna út hvert fjallskilagjald hugsanlega verður per /kind í sameinuðu sveitarfélagi miðað við þann fjárfjölda sem er í dag í báðum hreppunum.
11. Eiríkur spurði hvort ekki mætti setja það fé sem kemur inn af eignum beint í sveitarsjóð til að lækka t.d. útsvar eða aðrar álögur á íbúa.
12. Þórarinn spurði um úthlutunarreglur úr sjóðnum. Af hverju mætti ekki auglýsa eftir umsóknum.
13. Marínó spurði hvort ekki mætti teygja hugtakið brothættar byggðir að Hafalónsá þar sem byggð þar ætti undir högg að sækja.

Fundi slitið kl. 18:25.